

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2005

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 51.

Vísað er til bréfs nefndarritara þar sem BHM er gefinn kostur á að gefa álit sitt á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.


BHM hefur margoft lýst yfir vilja sínum til að koma að heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þáverandi fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, gaf m.a. á aðalfundi BHM árið 2000 vilyrði fyrir slíkri endurskoðun í samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna. Myndaður var starfshópur í desember 2002 og hóf hann störf. Vinna innan hans lagðist hins vegar af þegar fram kom frumvarp um afnám áminningarskyldu. BHM ítrekar þá stefnu sína að vinna skuli að heildarendurskoðun laganna en ekki að tína út eitt og eitt atriði.

Hvað varðar hugleiðingar um að 2. mgr. 7. greinar laganna brjóti gegn stjórnarskránni er vísað til minnisblaðs frá fjármálaráðuneytinu í frá í febrúar 2000, en þar er afdráttarlaust komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði greinarinnar samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Þeir kjarasamningar sem stéttarfélag gera við hið opinbera nýtast öllum starfsmönnum. Þess misskilnings gætir enn hjá flutningsmönnum frumvarpsins að það eina sem samið sé um sé launatafla. Rétt er að leiðrétta það og benda á mikilvæg réttindi sem eru hluti af kjarasamningum, s.s. orlofs- og veikindaréttindi. Einnig er rétt að ítreka það að með þeirri stefnu að færa launaákvæðanir út til forstöðumanna, t.d. með stofnasamningum hefur aðkoma stéttarfélaganna að ákvörðun launa færst þangað einnig og njóta allir starfsmenn stofnunar góðs af því, burtseð frá stéttarfélagasáild.

BHM leggst gegn því að frumvarp þetta verði að lögum af framangreindum ástæðum.

Virðingarfyllst,



Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri BHM